



Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis



# Kjarasamningur við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Kynning fyrir atkvæðagreiðslu 10-20. júlí 2020



## Almennt um samninginn

- Samflot Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis
- Samningur undirritaður 30. júní, eftir fundalotu – með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu
- Samningurinn er í grunninn sambærilegur við aðra samninga sem gerðir hafa verið, auk sérstakrar hækkunar á lægstu launum
- Samningurinn tekur gildi ef meirihluti þátttakenda samþykkir samninginn



Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis



# Atkvæðagreiðsla

- Rafræn atkvæðagreiðsla hefst kl. 12:00 föstudaginn 10. júlí.
- Atkvæðagreiðslunni lýkur kl. 12:00 mánudaginn 20. júlí.
- Til að taka þátt í rafrænni atkvæðagreiðslu þarf rafræn skilríki eða Íslykil.
- Kjörseðill verður virkur á [www.hlif.is](http://www.hlif.is)
- Ef þú reynir að kjósa og færð skilaboð um að þú sért ekki á kjörskrá, sendu tölvupóst á [gra@hlif.is](mailto:gra@hlif.is), með afriti af nýjasta launaseðli eða ráðningarsamningi
- Utankjörfundaratkvæðagreiðsla stendur frá kl. 12:00 föstudaginn 10. júlí og lýkur kl. 16:00 föstudaginn 17. júlí á skrifstofu Hlífar. Hægt er að greiða atkvæði utankjörfundar, á skrifstofutíma þessa daga.



Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis



# Launaliðurinn

## Hækkanir á töxtum

- Launaflokkar hækka í áföngum
  - Launaflokkar 1-17 hækka um 82.250 kr á tímabilinu (+ áhrif af launatöflubreytingu)
  - Launaflokkar 18 og ofar hækka samtals um 70.250 kr.
- 1. apríl **2019** – afturvirk hækkun **17.000 kr.**
- 1. apríl **2020** – afturvirk hækkun
  - **24.000 kr.** – launaflokkar 1-17
  - **18.000 kr.** – launaflokkar 18 og þar fyrir ofan
- 1. janúar **2021** – Ný launatafla
  - **24.000 kr.** að lágmarki – launaflokkar 1-17 (+ áhrif launatöflubreytingar)
  - **18.000 kr.** að lágmarki – launaflokkar 18 og fyrir ofan
- 1. janúar **2022** – **17.250 kr.**



Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis



# Launaliðurinn

## Ný launatafla – sérstök fjárveiting

- 1. janúar 2021 tekur við ný launatafla. Henni fylgir séstök viðbótarfjárveiting upp á 60 milljónir króna á ári, skv. bókun 4. Henni er ætlað að fjármagna nýja (hærri) röðun starfsheita
- Hún tryggir, að heildarhækkun í launaflokkum 1-17 verður að lágmarki rúmar 90 þúsund krónur
- Þetta veitir svigrúm til sérstakrar leiðréttingar lægstu launa
- Verður útfært í samráðsnefnd



Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis



# Launaliðurinn

## Afturvirkni

- Afturvirkar greiðslur eiga að koma við næstu launaútborgun
- Fyrsta taxtahækkun er **afturvirk** frá 1. apríl 2019
- Önnur taxtahækkun er **afturvirk** frá 1. apríl 2020
  
- Innágreiðslur – þar sem þær voru greiddar – dragast frá afturvirkum greiðslum



Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis



# Launaliðurinn

## Orlofs- og desemberuppbætur

### Desemberuppbót

- 92.000 kr. – desember 2019
- 94.000 kr. – desember 2020
- 96.000 kr. – desember 2021
- 98.000 kr. – desember 2022

### Orlofsuppbót

- 50.000 kr. – júní 2019
- 51.000 kr. – júní 2020
- 52.000 kr. – júní 2021
- 53.000 kr. – júní 2022



Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis



# Launaliður

## Greiðslur fyrir yfirvinna – tekur gildi 1. október 2020

- ▶ Tvenns konar greiðslur verða fyrir yfirvinna – samkvæmt breytingu á öllum kjarasamningum hins opinbera
- ▶ Annars vegar **1,0385%** af mánaðarlaunum eins og verið hefur (**yfirvinna 2**)
- ▶ Hins vegar lægri yfirvinnutaxti fyrir vinnu frá 08:00 til 17:00 virka daga, upp að 40 stundum á viku. Þessi taxti verður **0,9385%** af mánaðarlaunum (**yfirvinna 1**)





# Stytting vinnuvikunnar

## Dagvinna

- Breytingin er samræmd í öllum kjarasamningum við opinbera aðila
- Tryggir að vinnutími styttist um 13 mínútur á dag (65 mínútur á viku) þann 1. janúar 2021 – án skerðingar á launum eða öðrum réttindum
- Með sérstöku samkomulagi á vinnustöðum má stytta vinnuviku enn frekar, eða um allt að 4 klukkustundir á viku – niður í 36 virkar vinnustundir
- Stytting niður í 36 vinnustundir krefst þess að gefið sé upp forræði yfir kaffitímum. Tryggt að fólk fær neysluhlé þrátt fyrir það.
- Vinnutímahópar, skipaðir fulltrúum starfsfólks og stjórnenda, útfæra samkomulag. Þann fyrsta október 2020 á niðurstaða viðræðna starfsfólks og yfirmanna að liggja fyrir. Greiða þarf atkvæði um niðurstöðuna áður en styttingin kemur til framkvæmda 1. janúar 2021



# Stytting vinnuvikunnar

## Vaktavinna

- Samræmd breyting í öllum opinberum kjarasamningum
- Breytingar á vinnufyrirkomulagi og launamyndunarkerfi. Markmið breytinganna að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks – og að samþætta betur vinnu og einkalíf þannig að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari
- Vinnuvikan í vaktavinnu styttist í 36 virkar vinnustundir
- Getur í ákveðnum tilvikum styst í allt að 32 vinnustundir
- Kemur til framkvæmda 1. maí 2021
- [Sjá sérstaka kynningu](#)



# Stytting vinnuvikunnar

## Vaktavinna - framhald

- ▶ Vinnuskyldustundir utan dagvinnumarkna samkvæmt skipulagðri vaktskrá og innan vinnutímaskyldu hafa ólíkt vægi við útreikning vinnuskila
  - ▶ Hver klukkutími á næturvakt er talinn 1,2 klst – eða 72 mínútur upp í vinnuskyldu
  - ▶ Hver klukkutími á kvöldvakt og dagvakt um helgar er talinn 1,05 klst – eða 63 mínútur upp í vinnuskyldu
- ▶ Árleg vinnuskylda á reglubundnum vöktum er að jafnaði sú sama og hjá dagvinnufólki. Jöfnun vinnuskila kemur í stað helgidagafrís og bætingar
  - ▶ Starfsmaður fær helgidagana jafnóðum en þarf ekki að bíða í ár með að fara í frí
  - ▶ Starfsmaður getur óskað eftir því að safna upp frí og taka dagana saman



# Stytting vinnuvikunnar

## Vaktavinna - framhald

- Fjölgun vaktaálagflokka  
Vaktaálag á næturvöktun hækkar og við bætist nýtt vaktaálag á sérstöku stórhátíðadögum
  - Næturvaktir (00:00 – 8:00) á virkum dögum. **Vaktaálag verður 65%**
  - Næturvaktir (00:00 – 8:00) um helgar. **Vaktaálag verður 75%**
  - Aðfangadagur og gamlársdagur (16:00 – 00:00 + jólanótt og nýársnótt 00:00 – 8:00). **Vaktaálag verður 120%**
- Vaktahvati sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu
  - Vaktahvati miðast við 42 stundir utan dagvinnu á mánuði
  - Teknar mismunandi tegundir vakta (dagvaktir, kvöldvaktir, næturvaktir virka daga og helgarvaktir)
  - Mætt sé oftast en 14 sinnum í mánuði
- 25 mínútur vegna kaffitíma falla út
- Sjá [vaktareikni](#)



Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis



# Önnur atriði

- 30 daga orlofsréttur fyrir allt starfsfólk
- Sérstök ákvæði um laun ungmenna falla brott. Ungmenni raðast eins og annað starfsfólk
- **Bókun 9** um starfsfólk sem tekur styttri vaktir en 8 klst. (stubbavaktir)
  - Skal kveða á um í ráðningarsamningi hjá **nýjum starfsmönnum**
  - Ekki er skylt að gera nýjan ráðningarsamning við **eldri eða núverandi starfsmenn** – en gera þarf **skriflegt samkomulag** að loknum samtali við yfirmann. Samkomulagið þarf að liggja fyrir ekki síðar en **1. maí 2021**
- **Bókun 5** um **hvatningarátak til náms- og starspróunar** á vegum Próunar- og símenntunarsjóðs



Verkalýðs- og  
sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis



## Önnur atriði - framhald

- **Grein 11 um skil milli vinnu og einkalífs.** Starfsfólk á að geta sinnt reglubundnum störfum innan hefðbundins vinnudags.
- **Grein 12 um starfspjálfun á vegum stofnana og launað námsleyfi.** Starfsmaður sem stundar viðurkennt nám varðandi starfið eða sækir viðurkennd framhalds- og endurmenntunarnámskeið heldur föstum launum með fullu vaktaálagi meðan slíkt nám varir, **allt að þremur mánuðum á hverjum þremur starfsárum.**



## Dæmi um afturvirkar greiðslur

- ▶ Laun hækka afturvirkt um 17.000 krónur á mánuði frá 1. apríl 2019, alls 16 mánuðir mv. næstu mánaðamót.
  - ▶  $17.000 \times 16 = \mathbf{272.000 \text{ kr.}}$
  - ▶ Að frádreginni 105.000 kr innágreiðslu = **167.000 kr.**
- ▶ Laun hækka afturvirkt um 24.000 krónur á mánuði frá 1. apríl 2020, alls 4 mánuðir miðað við næstu mánaðamót.
  - ▶  $24.000 \times 4 = \mathbf{96.000 \text{ kr.}}$

Þeir sem hafa verið í fullu starfi allan tímann eiga von á uppgjöri upp á **263.000 kr.**